

ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON HF.

HLUTHAFAFUNDUR 26. FEBRÚAR 2026

Tillögur stjórnar

1. Breytingar á samþykktum og framsal rekstrareiningar

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. („**félagið**“) leggur til við hluthafafund að nafni félagsins verði breytt í Bera hf. og að allur rekstur félagsins sem tengist sölu, framleiðslu og dreifingu á drykkjarvörum verði framseldur til dótturfélags félagsins, ÖES ehf., kt. 680126-0110, en að nafni þess félags verði samhliða framsalinu breytt í Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf.

Felur tillagan í sér að gerðar verði eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

- (a) Ákvæði 1. gr. breytist og hljóði svo:

„Félagið er hlutafélag og er nafn þess Bera hf.“

- (b) Ákvæði 3. gr. breytist og hljóði svo:

„Tilgangur félagsins er eignarhald, kaup og sala á eignarhlutum í öðrum félögum og hvers kyns verðbréfum, umsýsla dótturfélaga, framleiðsla, innflutningur og sala drykkjarvara, hýsing, dreifing og tollumsýsla vara, rekstur tollvöruheymislu, eignarhald og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og tengdur rekstur.“

Greinargerð:

Tillagan er liður í endurskipulagningu félagsins sem lýtur að því að færa rekstur félagsins sem tengist sölu, framleiðslu og dreifingu á drykkjarvörum inn í sérstakt dótturfélag, ÖES ehf. Felur framsalið í sér að eignir, réttindi og skuldbindingar félagsins sem tengjast framangreindum rekstri verði yfirfærð til dótturfélagsins, þ.m.t. vörumerki, markaðsefni, tæki og tól, sem og réttindi og skyldur samkvæmt samningum, m.a. ráðningarsamningum við starfsfólk. Er framsalið háð samþykki viðsemjenda félagsins, eftir því sem við á. Samhliða framsalinu og breytingu á nafni félagsins verður nafni dótturfélagsins breytt í Ölgerðin Egill Skallagrímsson, þannig að firmaheitið fylgi áfram hinum framselda rekstri.